



Íbúaráð Vesturbæjar
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2024
USK23100095

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráði frá 14. ágúst 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Vesturhöfn - Örfirisey - Breyting á deiliskipulagi - Fiskislóð 15-21

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn DAP ehf., dags. 6. október 2023, ásamt greinargerð, dags. 6. október 2023, um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Fiskislóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir eru þrjú byggingarreitir á lóð til að koma fyrir eldsneytsdælum og rafhleðslustöðvum, samkvæmt uppdr. DAP, dags. 4. október 2023, br. 1. júlí 2024. Einnig eru lögð fram bréf Faxaflóahafna, dags. 13. apríl 2022 og 6. október 2023. Tillagan var auglýst frá 15. febrúar 2024 til og með 4. apríl 2024. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsagnir: Florian Stascheck, dags. 29. febrúar 2024, Bryndís Björnsdóttir f.h. Veitna, dags. 11. mars 2024, Heimir Snær Guðmundsson f.h. íbúaráðs Vesturbæjar, dags. 19. mars 2024, Landsamtök hjólreiðamanna, dags. 30. mars 2024 og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dags. 4. apríl 2024. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 4. júlí 2024.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2024. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráðs. USK23100095

Valný Aðalsteinsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekki er annað sjá en að margar athugasemdir séu gagnlegar fyrir verkefnið-skipulagið og vonandi verður tekið tillit til þeirra. Athugasemdir og ábendingar eru m.a. að göngutenging þarf að vera tryggð bæði á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum lýkur og að það vantar hjólatengingu frá nýgerðum hjólastíg að versluninni. Nauðsynlegt að setja ríkar kvaðir um aðgengi fyrir gangandi og hjólandi á lóðinni. Bent er á að það væri frábært að breikka göngustíg og nýjan hjólastíg. Það vantar betri aðgengi að hjólastæðum á lóðinni, þegar bíl er lagt í stæði fyrir hreyfihamlaða, er erfitt að komast að stæðunum þar sem það er eini staðurinn þar sem gangstéttarbrúnin er lækkuð. Heilbrigðiseftirlitið hefur áhyggjur af öryggismálum á umferðarpungri verslunar og þjónustulóð.

F.h. skipulagsfulltrúa / umhverfis- og skipulagssvið
Þuríður María Guðmundsdóttir

Borgarráð samþykkti afgreiðslu ráðsins á fundi 22. ágúst 2024.



Umsögn skipulagsfulltrúa má finna á eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/167>

Athygli er vakin á því að telji einhver á rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.